

Jólafundur Betadeildar mánudaginn 30. nóvember 2009.

Fundarstaður: Verkmenntaskólinn á Akureyri

Dagskrá:

1. Setning fundar.
2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
3. Orð til umhugsunar
4. Matur.
5. Jólagesturinn.
6. Happraætti, kaffi og notalegt spjall.

Eygló setti fund og las kveðjur frá konum sem voru fjarverandi.

Að þessu sinni var Eygló með orð til umhugsunar og las endurminningar drengs frá Vestmannaeyjum. Sagan sagði frá litlum dreng sem stakk sænskum jólasveini úr pípuhreinsumum í samband við Rafveitu Vestmannaeyja með óvæntum afleiðingum.

Eygló afhenti Margréti Albertsdóttur afmælisgjöf en hún varð áttæð 18. ágúst í sumar.

Eygló sagði frá heimsókn 15 Betasystra á snyrtistofuna Lind í byrjun nóvember.

María Gunnarsdóttir stjórnaði fjöldasöng á meðan beðið var eftir jólagestinum og á milli atriða og rétta. Jólgesturinn að þessu sinni var Meredith Cricco frá Bandaríkjunum. Að þessu sinni var ákveðið að borða áður en hún byrjaði og fékk hún sér mat með okkur. Þegar allir höfðu farið eina umferð að hlaðborðinu hóf hún frásögn sína. Meredith ákvað að segja okkur frá þakkagjörðarhátíðinni sem er alltaf haldin síðasta fimmtudag í nóvember. Það er eins konar fjölskylduhátíð þar sem mikið er borðað. Hún sagði líka frá því hvernig hennar fjölskylda heldur upp á jólna á Íslandi. Þegar hún hafði lokið frásögn sinni svaraði hún spurningum og síðan var haldið áfram að gæða sér á jólaþræsingunum sem stjórnin lagði fram. Eygló færði henni rós og geisladisk fyrir frásögnina.

Happraætisvinninginn að þessu sinni fékk Eygló Björnsdóttir.

Næsti fundur er bókafundur og verður hjá Björk Sigurðardóttur í Eyjafjarðarsveitinni þann 14. janúar 2010.

Fundi slitið og eftir það héldu konur áfram að spjalla.

Ritari

Þorgerður Sigurðardóttir